

Ed.

286. Frumvarp til laga

[20. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað orðanna „konunginn“ og „konungsvald“ í 99. gr., 2. mgr. 100. gr. og 1. málsgr. 101. gr. almennra hegningarlaga komi: „forsetann“ og „forsetavald“.

2. gr.

2. málsgr. 101. gr. laganna orðst svo:

Sé slíkum verknaði beint gegn nánustu vandamönnum forsetans, þannig að álíta meg, að broti sé stefnt að heimili hans, má auka refsingu svo, að við hana sé bætt allt að helmingi hennar.

3. gr.

Á eftir orðunum „Hver sem leitast við að aftra því“ í upphafi 102. gr. laganna bætist inn í orðin: „að fram fari kjör forseta“, o. s. frv.

4. gr.

Hvarvetna þar, sem í lögnum segir: „í konunglegri tilskipun“ (33., 37., 43., 45., 47., 266. greinar), komi: „með reglugerð“.

Í stað „konungur“ (85. gr. 1. og 2. málsgr.) og „konung“ (149. gr.) komi: „forseti“ og „forsetann“.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.